

Mál nr. 252/2009

M og

Vátryggingafélagið V v. gæludýratryggingar v G.

Ágreiningur um bótaskyldu úr gæludýratryggingu v dauða tíkur þ.15.9.2008 .

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 16.7.2009 ásamt fylgiskjöllum 1-3
2. Bréf V dags. 4.8.2009.

Málsatvik.

M tók gæludýratryggingu fyrir tíkina G og þ.15.9.2008 lést G og í kjölfarið krafði M V um greiðslu tryggingarfjáris kr. 300.000 sem M telur markaðsvirði tíkurinnar. Ágreiningur er við V um bótafjárhæðina og hefur V greitt M kr. 180.000 sem félagið telur markaðsvirði hins vátryggða gæludýrs. M hafnar því að um fullar bætur samkvæmt tryggingunni sé um að ræða og krefst þess að fá greiddar bætur úr gæludýratryggingu sinni svo sem kveðið var á um í tryggingu fyrir tíkina.

Álit.

V hefur ekki lagt fram gögn sem sýnir að markaðsverð tíkurinnar hafi verið annað en kveðið var á um í tryggingu þeirri sem tekin var fyrir tíkina. Ekkert er því komið fram í málinu sem réttlæta það að V greiði annað og minna en kveðið var á um í vátryggingaskírteini fyrir dýrið. M á því rétt að fá greiddar bætur fyrir tíkina G kr. 300.000.-

Niðurstaða.

V ber að greiða kr. 300.000.- til M vegna gæludýratryggingar G að frádreginni þeirri fjárhæð sem V hefur þegar greitt.

Reykjavík 18.8. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.